

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd borgarinnar:

1. Að bifreiðastæði við Baldursgötu 22 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.
2. Að eftirtalin bílastæði verði merkt sem eingöngu ætluð bifreiðum til rafhleðslu:
  - a. Sex bílastæði við Álagranda 14.
  - b. Fjögur bílastæði við Barónsstíg 49-55.
  - c. Fjögur bílastæði í bílahúsinu Bergstöðum við Bergstaðastræti.
  - d. Fjögur bílastæði við Bólstaðarhlíð 12-14.
  - e. Fjögur bílastæði við Efstaland 24.
  - f. Fjögur bílastæði við Hátún 2b.
  - g. Fjögur bílastæði við Hólatorg 8.
  - h. Sex bílastæði við Hæðargarð 18.
  - i. Sex bílastæði við Laugarnesveg 78-80.
  - j. Fjögur bílastæði við Reykjahlíð 8.
  - k. Sex bílastæði við Sigtún 44.
  - l. Sex bílastæði við Tangabryggju 13a.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra, með síðari breytingum.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Skrifstofu stjórnýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, 3. október 2023.*

**Jóhanna Guðjónsdóttir** lögfræðingur.

B-deild – Útgáfudagur: 17. október 2023